

Reykjavík, 15. ágúst, 2025

UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um áform félags- og húsnæðismálaráðuneytis um tillögu til þingsályktunartillögu
um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda 2026-2029

Rauði krossinn á Íslandi þakkar tækifærið til umsagnar á ofangreindum áformum. Rauði krossinn á Íslandi stendur vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga og vinnur að málefnum flóttamanna og umsækjenda um alþjóðlega vernd í samvinnu við stjórnvöld og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. Rauði krossinn hefur hér til hliðsjónar grunnildi hreyfingarinnar um mannúð, óhlutdrægni og hlutleysi sem og stefnu Alþjóðahreyfingar Rauða krossins í málefnum sem tengjast flóttafólki, umsækjendum um vernd og alþjóðlegum fólksflutningum. Umsögnin byggir meðal annars á þekkingu og reynslu félagsins af félagslegum stuðningi við flóttafólk, aðstoð við fólk með verndarstöðu vegna fjölskyldusameininga og á inngildinguna (e. *inclusion*).

Hér eru til umfjöllunar áform um gerð nýrrar framkvæmdaáætlunar í málefnum innflytjenda sem samkvæmt lögum nr. 116/2012 ber að leggja fram. Rauði krossinn fagnar öllum áformum um þróun og vinnu stjórnvalda í málefnum innflytjenda.

Hins vegar hefur á undanförunum tveimur árum eða svo verið lögð mikil vinna í breiðari langtímastefnumótun stjórnvalda þ.e. svokallaða hvítbók, drög að stefnu í málefnum innflytjenda *Samfélag okkar allra – framtíð og stefna Íslands í málefnum innflytjenda*.¹

Sú stefnumótunarvinna var fyrsta atriðið framkvæmdaráætlunar sem enn er í gildi, til loka yfirstandandi árs „1.1. Mótun stefnu í málefnum innflytjenda, flóttafólks og fjölmennings“.² Í þeirri vinnu var viðhaft víðtækt samráð við fjölda hagsmunaaðila og ekki síst almenning, innflytjendur sjálfa og flóttafólk sem hingað hefur komið. Því miður náðist ekki að leggja þá stefnu fyrir Alþingi fyrir slit síðustu ríkisstjórnar.

Slíka stefnu hefur sárlega vantað árum saman eins og félagið hefur ítrekað lýst yfir. Slík langtímastefna væri mjög til bóta því ekki deila allir hagsmunaaðilar og þar með taldir innflytjendur sjálfir og almenningur á Íslandi sama skilningi á þeim hugtökum sem nú eru notuð um árangursríka móttöku nýrra íbúa af erlendum uppruna, hvort sem þeir koma til vinnu eða hafa fengið hér alþjóðlega vernd. Eins deila ekki allir, hvort sem er almenningur eða stjórnámálamenn, sama skilningi eða eru sammála um það hvert skuli stefna í málefnum innflytjenda, m.a. um hver séu þeirra réttindi og skyldur og eins hvernig samfélagið þarf að aðlagast sig að breyttri samsetningu þjóðarinnar. Félagið telur nauðsynlegt að undirstrika mikilvægi þeirrar hugsunar sem felst í

¹ <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2024/05/25/Fyrsta-hvitbokin-i-malaflokknum-Samfelag-okkar-allra-framtid-og-stefna-Islands-i-malefnum-innflytjenda/>

² <https://www.althingi.is/altext/152/s/1364.html>

hugtakinu „inngilding“ þar sem innviðir samfélagsins eru einnig aðlagðir að þörfum þessa nýja stóra hóps en ekki einungis að þau sem hingað koma aðlagi sig að samfélaginu hér. Eins hefur í síauknum mæli undanfarið mun neikvæðari umræðu um innflytjendur á landinu orðið vart, raunar svo að oft er litlum hópi umsækjenda um alþjóðlega vernd og þeim sem hafa fengið vernd kennt um flest sem veldur almenningi áhyggjum varðandi móttöku allra nýrra íbúa, þ.m.t. þeim mikla fjölda fólks sem kallað hefur verið til landsins til starfa í mannfrekum geirum atvinnulífsins. Mögulega er síðasttalda atriðið ein orsök þess að hér hefur ekki verið til staðar langtímastefna í því hvers kyns samfélag við viljum sjá til framtíðar þar sem félags- og mannauður nýrra íbúa er nýttur sem skyldi og eins þar sem nýir íbúar fá raunveruleg tækifæri til að nýta færni sína, menntun og þekkingu, læra tungumálið og vera virkir þjóðfélagsþegnar. Þessu til stuðnings er m.a. úttekt og skýrsla OECD sem unnin var á undirbúningstíma ofangreindrar stefnumótunar.³

Markmiðið var að vinna framkvæmdaáætlun út frá ofangreindri stefnu. Vel útfærð stefna er í raun nauðsynlegur grunnur framkvæmdaáætlana og það er bagalegt að ekki virðist áætlað að ljúka framkvæmd á þessu fyrsta atriði núgildandi framkvæmdaáætlunar (sjá fyrir ofan) þrátt fyrir stjórnarskipti. Rauði krossinn vonar einlæglega að sú mikla vinna sem lögð var í þá stefnuvinnu nýtist vel við gerð nýrrar framkvæmdaáætlunar sem hér er til umræðu en eins að langtímastefna verði kláruð á allra næstu misserum.

Rauði krossinn lýsir sig fúsan til samstarfs um áformaða vinnu ekki síst þar sem félagið kemur að stuðningsverkefnum fyrir flóttafólk og telur reyndar mjög æskilegt að viðhaft verði gott samráð við viðkomandi félagasamtök eins og hefur áður tíðkast. Fulltrúar Rauða krossins eru tilbúnir að hitta viðkomandi aðila innan félags- og húsnæðisráðuneytis til frekari viðræðna um áformin og gera grein fyrir sjónarmiðum félagsins.

³ https://www.oecd.org/content/dam/oecd/en/publications/reports/2024/09/skills-and-labour-market-integration-of-immigrants-and-their-children-in-iceland_ccf5aa7de/96adc300-en.pdf

UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um áform félags- og húsnæðismálaráðuneytis um frumvarp til laga
um málefni innflytjenda.

Rauði krossinn á Íslandi þakkar tækifærið til umsagnar á ofangreindum áformum. Rauði krossinn á Íslandi stendur vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga og vinnur að málefnum flóttamanna og umsækjenda um alþjóðlega vernd í samvinnu við stjórnvöld og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. Rauði krossinn hefur hér til hliðsjónar grunngildi hreyfingarinnar um mannúð, óhlutdrægni og hlutleysi sem og stefnu Alþjóðahreyfingar Rauða krossins í málefnum sem tengjast flóttafólki, umsækjendum um vernd og alþjóðlegum fólksflutningum. Umsögnin byggir meðal annars á þekkingu og reynslu félagsins af félagslegum stuðningi við flóttafólk, aðstoð við fólk með verndarstöðu vegna fjölskyldusameininga og á inngildingunni (*e. inclusion*).

Hér er verið að kynna áform um gerð nýrra heildarlaga um málefni innflytjenda og lög nr. 116/2012 verði felld brott. Breytt samsetning þjóðarinnar hefur verið hröð undanfarið sem og þróun þekkingar er varðar árangursríka móttöku fólks af erlendum uppruna og því sjálfsagt að endurskoða lagaramma sem gilda um málefnið. Félagið fagnar öllum áformum um að aukinn kraftur verði settur í íslenskukennslu og samfélagsfræðslu og að gera nýja íbúa þannig sjálfstæðari fyrr.

Eðli málsins samkvæmt er ekki farið ítarlega í einstaka þætti viðfangsefnisins í þessum áformum. Það mætti þó koma skýrar fram hver almenn sýn stjórnvalda er á málaflokkinn, þ.e. hvaða hugsun og stefnumótandi aðgerðir eru nauðsynlegar til að gera fólki kleift að læra tungumálið og taka virkan þátt í samfélaginu. Félagið telur nauðsynlegt að undirstrika mikilvægi þeirrar hugsunar sem felst í hugtakið „inngilding“ þar sem innviðir samfélagsins eru einnig aðlagðir að þörfum þessa nýja stóra hóps þjóðarinnar en ekki einungis að þau sem hingað koma aðlagði sig að samfélaginu hér. Það er, hver er aðlögunaráætlunin fyrir innviði íslensks samfélags? Mikil vinna var lögð í stefnumótun um málefni innflytjenda á árunum 2023-2024 á vegum þáverandi félags- og vinnumarkaðsráðuneytis með breiðu samráði fjölda hagsmunaaðila og ekki síst innflytjenda sjálfrá.¹ Því miður náðist ekki að leggja þá stefnu fyrir Alþingi fyrir stjórnarslit en vonandi kemur að því, jafnvel í uppfærðri mynd, enda hefur langtímastefnu mjög skort og félagið hefur margítrekað það í málflutningi sínum undanfarinn áratug. En það má ætla að upplýsingar og undirbúningur sem sú stefnuvinna byggði á hljóti að nýtast við gerð nýrra heildarlaga um málefni innflytjenda.

Sérstaklega er fjallað um þau áform sem sögð eru vera megin úrlausnarefnið hér, að breyta 15. gr laga um félagsþjónustu sveitarfélaga er varðar greidda framfærslu fyrstu tvö árin sem flóttafólk og innflytjendur eru búsett hér á landi. Hér hefði verið til bóta að tilfæra á ítarlegri hátt ástæður og rök fyrir þeim áformum. Mikil þekking hefur myndast hjá sveitarfélögum um viðfangsefnið samhliða nærsamfélagslegum úrlausnarefnum fyrir hópinn og ávallt áhyggjuefni að þekking glatist með tilfærslu milli stofnana og ekki verði hugað nægilega að kostnaði við tilfærslu/ráðningu

¹ <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2024/05/25/Fyrsta-hvitbokin-i-malaflokknum-Samfelag-okkar-allra-framtid-og-stefna-Islands-i-malefnum-innflytjenda/>

viðbótarmannauðs. Eins er ljóst að minni útibú Vinnumálastofnunar á landsbyggðinni hafa verið misvel í stakk búin til að takast á við ný verkefni er snúa að flóttafólki og innflytjendum og eins ekki vel aðgengileg fólki sem býr fjarri stærri þéttbýlisstöðum.

Ýmsar spurningar vakna einnig eins og hvernig tekið verður utan um þau sem ekki eru í stakk búin að fara inn í „aðlögunaráætlun“ eins og m.a. á oft við um flóttafólk sem á að baki erfiða reynslu og áföll. Félagið ítrekar þá veiku stöðu sem margt flóttafólk er í og hvaða afleiðingar hún hefur á færni til að tileinka sér nýja þekkingu og tungumál. Hvaða stuðning s.s. sálfélagslegan fær fólk þannig að því sé gert kleift að tileinka sér þá fræðslu sem er í boði, þótt síðar verði? Verður hann annar og meiri en nú stendur til boða? Ef dráttur verður á að geta tekið þátt í fræðslunni, verður hún þá framlengd sem nemur drættinum, umfram þessi tvö ár? Hvaða undantekningar verða mögulegar? Hvað teljast gildar ástæður þessa að geta ekki tekið þátt og hvaða undanþágur verða leyfðar? Mun sveitarfélag taka við framfærslu ef einstaklingur getur ekki verið í aðlögunaráætlun? Er áætlað að Vinnumálastofnun gefi fólki kost á greinargóðu móttökuvíðtali þar sem farið verður yfir færni, áhugasvið og markmið fólks? Rauði krossinn tekur einnig undir áhyggjur ASÍ í innsendri umsögn sinni af áhrifum þessa á aðra innflytjendur í veikri stöðu. Félagið leggur til að þessi og fleiri álítaefni verði skoðuð gaumgæfilega við lagasetninguna.

Fjallað er um fjármagn sem sparast við þessa aðgerð en ljóst er hversu miklu verður varið á mótí í að stórauka íslenskukennslu og samfélagsfræðslu eins og almennt er talið að brýn þörf sé á. Annars vegar er sagt í kafla A1 í skjalinu *Mat á áhrifum lagasetninga* að „...aukið hlutfall útgjalda ríkissjóðs í málaflokknum renni til íslenskukennslu, samfélagsfræðslu og vinnumarkaðsþjálfunar í stað félagsþjónustu áður“ en hins vegar er sagt í kafla E1 í sama skjali að „Áætluð fjárhagsáhrif á ríkissjóð eru til lækkunar.“

Rauði krossinn lýsir sig fúsan til samstarfs um lagasetninguna ekki síst þar sem félagið kemur að stuðningsverkefnum fyrir flóttafólk og telur reyndar mjög æskilegt að viðhaft verði gott samráð við viðkomandi félagasamtök. Fulltrúar Rauða krossins eru tilbúnir að hitta viðkomandi aðila innan félags- og húsnæðisráðuneytis til frekari viðræðna um áformin og gera grein fyrir sjónarmiðum félagsins.

Kópavogi, 15. ágúst 2025

Gísli Rafn Ólafsson, framkvæmdastjóri.